1. Skipulagssvæðið
Grindavíkurbær og Reykjanes Geopark hafa ákveðið að gera deiliskipulag fyrir Brimketil og aðliggjandi útivistarsvæði. Brimketill er vinsæll áfangastaður á sunnanverðu
Reykjanesi við sjávarsíðuna við Mölvík vestan Staðarbergs og myndaðist í stöðugum öldugangi þegar brimið lemur bergið. Deiliskipulagssvæðið er samtals um 8,2 ha að stærð.

2. Viðfangsefni
Tilgangur verkefnisins er að vinna skipulag fyrir hverfisverndarsvæði Brimketils þar sem lögð er áhersla á bætt og öruggara aðgengi og aukið verði gildi svæðisins til útivistar.
Í leiðinni er verið að stýra umferð og vernda svæðið með auknum ágangi. Megin markmið með deiliskipulagsáætlun er að skilgreina aðkomu að svæðinu, skilgreina áningastaði og
bílastæði og bæta aðstöðu til útivistar á svæðinu í heild. Áninga- og útsýnisstaðir sem og stígagerð verði aðlagað landi eins og kostur er til að minnka sjónræn áhrif.

3. Helstu forsendur
3.1. Skipulagsleg staða
Svæðið er skilgreint sem hverfisverndarsvæði HV2 í gildandi Aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2010-2030 en fjallað er um það í aðalskipulagi: HV 2. Brimketill: Lagt er til að hraunketillinn við sjávarsíðuna við Mölvík vestan Staðarbergs og næsta nágrenni hans verði hverfisverndað.
Náttúrufyrirbærið Brimketill er vinsæll viðkomustaður ferðamanna og með hverfisverndinni er fest sú landnotkun. Skilmálar hverfisverndar: Engar framkvæmdir eru leyfðar sem raskað geta Brimkatlinum og næsta nágrenni hans. Í gildi er deiliskipulag iðnaðarsvæðis við Mölvík sem samþykkt var 11.2.2013. Deiliskipulagsmörkin skarast og verður mörkum deiliskipulags við Mölvík breytt. Breytingin verður auglýst samhliða.

3.2. Umhverfi og staðhættir
Nútímahraun njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 þau þekja jafnframt meginhluta landsvæðis innan Grindavíkur og því erfitt að finna svæði til framkvæmda þar sem nútímahraun verða ekki skert. Deiliskipulagssvæðið er þakið nútímahrauni, að mestu er um að ræða sandorpið,
lítt gróið hraun. Næst Brimkatli við sjávarsíðuna er hraunið mun grófara og ekki eins sandorpið og erfiðara yfirferðar. fyrir liggur skráning fornleifa sem var gerð af Fornleifastofnun Íslands árið 2002. Gróður á svæðinu er strjáll, aðallega mosaþemba og mólendisbalar með tiltölulega lítilli gróðurþekju

4. Tengsl við aðrar áætlanir
4.1 Aðliggjandi deiliskipulag
Samhliða vinnu við deiliskiplags Brimketils verður gerð óveruleg breyting á deiliskpulagi iðnaðarsvæðis við Mölvík. Iðnaðarsvæðið er í dag um 52 ha að stærð en verður eftir breytingu um 48 ha eða um 4 ha minnkun. Breytingin verður unnin af Eflu verkfræðistofu.

5. Skipulagsferill
5.1. Kynning og samráð
Skipulagslýsing verður send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum í upphafi verks. Þar með er umsagnar¬aðilum gefinn kostur á því að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins. Skipulagslýsing verður auglýst í blöðum og til sýnis á skrifsstofu Grindavíkurbæjar að Víkurbraut 61 og
heimasíðu sveitarfélagsins, www.grindavik.is.
Samráðs- og umsagnaraðilar verða:
o Skipulagsstofnun
o Umhverfisstofnun
o Heilbrigðiseftirlit
o Minjastofnun Íslands
o Vegagerðin

6. Tíma- og verkáætlun
Ágúst 2015: Fyrstu drög að skipulagslýsingu lögð fyrir sveitarstjórn.
Ágúst 2015: Skipulagslýsing send til umsagnar Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila.
Ágúst-september 2015: Skipulagslýsing auglýst í dagblaði og á heimasíðu Grindavíkurbæjar og til kynningar fyrir almenningi og hagsmunaaðila.
September 2015: Tillaga að deiliskipulagi kynnt í sveitarstjórn, skipulags- og umverfis og ferðamálanefnd.
September 2015: Tillaga að deiliskipulagi kynnt á íbúafundi.
Sept-október 2015: Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulag til auglýsingar.
Október-nóvember 2015: Tillaga að deiliskipulagi auglýst í Lögbirtingarblaði, í landsmálablaði og til sýnis á sveitarstjórnarskrifstofu og heimasíðu Grindavíkur
Nóvember 2015: Yfirferð athugasemda, deiliskipulag samþykkt og svör við athugasemdum send þeim sem gerðu athugasemdir.
Nóvember-desember 2015: Afgreiðsla Skipulagsstofnunar og birting í B-deild Stjórnartíðinda.



GRUNNMYND Mkv. 1:2000



Yfirlitsmynd staðfest aðalskipulag Grindavíkur 2010-2030.

SKÝRINGAR
- DEILISKIPULAGSMÖRK
- AFMÖRKUN AÐLIGGJANDI DEILISKIPULAGS

SAMÞYKKTIR

Skipulagslýsing þessi var samþykkt í Skipulags-, umhverfis og ferðamálanefnd þann ________ ________2015.

Bæjarstjórn
þann______________2015.

| BR. | DAGS. | BREYTING | REIKN. | TEIKN. |
|---|---|---|---|---|

GRINDAVÍKURBÆR
HAFNARFJARÐARBÆR - VÍKURBRAUT 62-SÍMI 420 1100

LANDMÓTUN sf HAMRABORG 12 - 200 KÓPAVOGUR - SÍMI: 575 5300 - FAX: 554 5360 - NETFANG: landmotun@landmotun.is

# DEILISKIPULAG FYRIR BRIMKETIL
SKIPULAGSLÝSING

| | | |
|---|---|---|
| SKIPULAGSLÝSING | SKIPULAG:ÓÖG<br>TEIKNAÐ:LKÓ<br>SAMÞYKKT<br>KT. | |
| KVARÐI1: 1.2000 A3 | KÓPAVOGUR | dags.10.07.2015 |
| VERKNR.<br>2300-DU1503 | TEIKN. NR.<br>01 | BR. |